



Eyjarhóll við Pétursey.

Stefán Þorvaldsson

stefanth@vinnuvernd.is

Höfundur er lungnalæknir og starfar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, Læknasetrinu og hjá Vinnuvernd ehf.

Fleiri myndir hans má sjá á: www.flickr.com/photos/steffthor/

Ljósmyndir lækna

Óvíða er fegurra um að litast en undir Eyjafjöllum á góðum degi. Eyjarhóll er sunnan við Pétursey, maður er þá eiginlega kominn í Mýrdalinn og tæknilega séð ekki lengur undir Eyjafjöllum en samt á öskuslóðum. Því miður hafa sveitir þessar orðið fyrir barðinu á náttúruhamförum að undanfögnu en nú standa vonir til að þær rísi aftur úr öskunni. Ég tel við hæfi að sýna hér mynd af þessum slóðum í betra árferði. Hún er tekin á Canon myndavél árið 2008.